

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Aðalfundur 30. maí 2023

Dagskrá:

- Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
- Aðalfundarstörf:
 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi á liðnu starfsári
 2. Staðfesting ársreiknings fyrir árið 2022
 3. Kjör stjórnar og varastjórnar
 4. Tillaga að breytingu á samþykktum samtakanna
 5. Kjör löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis
 6. Ákvörðun þóknunar stjórnar
 7. Stefna LL um rannsóknir og greiningu
 8. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023
 9. Ákvörðun um árgjald til samtakanna
 10. Önnur mál

Skýrsla stjórnar

Hilmar Harðarson



Grænbók






Loftslagsmálin





Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða




* Áætluð ávöxtun fyrir árið 2022
Heimild: Seðlabanki Íslands



Raunávöxtun lífeyrissjóða


5 og 10 ára meðalvöxtun



Fyrir árið 2022 er notast við áætlaða ársávöxtun -11,7%.
Heimild: Seðlabanki Íslands



Eignir lífeyrissjóða



* Eignir lífeyrissjóða, raunvirtar á verðlagi des. 2022.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



LÍFEYRISVIT

Hvað veist þú um lífeyrismál?



LÍFEYRISVIT

Hvað veist þú um lífeyrismál?



LÍFEYRISVIT

Hvað veist þú um lífeyrismál?

Zatroszcz się o swoją emeryturę!

Give your pension attention!

Mercer CFA Institute Global Pension Index 2022



Ísland
84,7



Holland
84,6



Danmörk
82,0


Stefnumótunar- fundur





Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða

Sjóðir án ábyrgðar launagreiðenda



Heimild: Seðlabanki Íslands

Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins

Eignir og ávöxtun við árslok 2022




Eignir lífeyrissjóða við árslok 2022:
6.640 ma.kr.



Raunávöxtun lífeyrissjóða árið 2022:
-11,7%

Lykiltölur lífeyrissjóða við árslok 2021



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga:
223.654



Fjöldi lífeyrisþega (67+):
49.150



Iðgjöld ársins:
297 ma.kr.



Lífeyrir ársins:
206 ma.kr.



Ársreikningur 2022

Þórey S. Þórðardóttir





Starfsmenn LL



Rekstrarreikningur 2022

Helstu stærðir	Milljónir króna
Rekstrartekjur	
- Árgjöld	140,0
- Aðrar tekjur	3,7
Rekstrartekjur samtals	143,7
Fjármunatekjur o.fl.	3,6
<u>Rekstrarkostnaður</u>	<u>148,9</u>
Tap ársins	(1,5)



Efnahagsreikningur 2022

Eignir:	Milljónir króna
Rekstrarfjármunir	3,0
<u>Handbært fé</u>	<u>88,7</u>
Eignir samtals	91,7



Efnahagsreikningur 2022

Eigið fé og skuldir: milljónir króna

Eigið fé 76,9

Ýmsar skammtímaskuldir 14,7

Skuldir og eigið fé samtals: 91,7



Sjóðstreymisýfirlit 2022

Helstu stærðir	Þús. kr.
Veltufé frá rekstri	4.576
Handbært fé frá rekstri	8.217
Lækkun á handbæru fé	3.755
Handbært fé í árslok	88.686



Ársreikningur 2022

Þórey S. Þórðardóttir



Kjör stjórnar og
varastjórnar



Skipan stjórnar, 1. mgr. 7. gr.

- Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið.

Bráðabirgðaákvæði við 7. gr.

- Kjörtími stjórnar helst og verða því á aðalfundi árið 2022 þrír aðalmenn og einn varamaður í kjöri til tveggja ára. **Á aðalfundi árið 2023 verða í kjöri þrír aðalmenn og einn varamaður til tveggja ára.** Á aðalfundi 2024 verða í kjöri fimm aðalmenn til tveggja ára og einn til eins árs auk tveggja varamanna til tveggja ára.



Stjórn LL 2022-2023

Tími		Lífeyrissjóður	Ólíkir sjóðir			Landssvæði		Hópur			Kyn	
			Opinberir	Almennir	Frjálsir	Landsb.	HBS	Launþegi	Launagr.	Framkv.stj.	Karl	Kona
1	Erla Jónsdóttir	Stapa lífeyrissjóði		1		1			1			1
1	Gylfi Jónasson	Festu lífeyrissjóði		1		1				1	1	
1	Hilmar Harðarson	Birtu lífeyrissjóði		1			1	1			1	
2	Arnaldur Loftsson	Frjálsa lífeyrissjóðnum			1		1			1	1	
2	Halldóra Káradóttir	Brú lífeyrissjóði	1				1		1			1
2	Valmundur Valmundsson	Lífeyrissjóði Vestmannaeyja		1		1		1			1	
2	Jón Ólafur Halldórsson	Lífeyrissjóði verzlunarmanna		1			1		1		1	
2	Harpa Jónsdóttir	LSR	1				1			1		1
2	Ingibjörg Ólafsdóttir	Gildi-lífeyrissjóði		1			1	1				1
			2	6	1	3	6	3	3	3	5	4
	Varamenn											
1	Erla Ósk Ásgeirsdóttir	Íslenska lífeyrissjóðnum			1		1	1				1
2	Sigurbjörn Sigurbjörnsson	SL lífeyrissjóði		1			1			1	1	
2	Hulda Rós Rúriksdóttir	Almenna lífeyrissjóðnum			1		1		1			1
			0	1	2	0	3	1	1	1	1	2



Uppstillingarnefnd, 2. og 3. mgr. 7. gr.

- Uppstillingarnefnd skal starfrækt sem hefur það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar að skipan stjórnar. Í nefndinni sitji fimm fulltrúar til fjögurra ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.
- Uppstillingarnefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur sem settar eru af stjórn og staðfestar af aðalfundi. Skal uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Skal rökstudd tillaga uppstillingarnefndar liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.

Nefndin er svo skipuð árið 2021 til fjögurra ára: Ragnar Þór Ingólfsson, ASÍ, Magnús Már Guðmundsson, samtökum starfsmanna ríkisins og/eða sveitarfélaga, Arnar Sigurmundsson, SA, Viðar Helgason, launagreiðendum ríkisins og/eða sveitarfélaga og Ásdís Eva Hannesdóttir, frá sjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign.



Kjörtími rennur út:

■ **Aðalmenn:**

Erla Jónsdóttir, stjórnarmaður í Stapa, f.h. launagreiðenda

Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs

Hilmar Harðarson, stjórnarmaður í Birtu, f.h. launamanna

Halldóra Káradóttir, stjórnarmaður í Brú, f.h. launagreiðenda

- hefur látið af stjórnarstörfum. Á eitt ár eftir af kjörtíma en óskar lausnar

■ **Varamaður:**

Erla Ósk Ásgeirsdóttir, stj.m. í Íslenska lífeyrissjóðnum



Tillögur uppstillingarnefndar til tveggja ára:

- Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu - endurkjör
- Jakob Tryggvason, stjórnarmaður í Birtu lífeyrissjóði f.h. launamanna
- Elsa Björg Pétursdóttir, stjórnarmaður í Stapa lífeyrissjóði, f.h. laungreiðenda



Tillögur uppstillingarnefndar:

- **Aðalmaður til eins árs:**

Auður Kjartansdóttir, stjórnarmaður í Brú lífeyrissjóði, frá launagreiðendum

- **Varamaður:**

Una Eypórsdóttir, stjórnarmaður í Íslenska lífeyrissjóðnum



Stjórn LL 2023-2024

Tími		Lífeyrissjóður	Ólíkir sjóðir			Landssvæði		Hópur			Kyn	
			Opinberir	Almennir	Frjálsir	Landsb.	HBS	Launþegi	Launagr.	Framkv.stj.	Karl	Kona
	Aðalmenn											
1	Arnaldur Loftsson	Frjálsa lífeyrissjóðnum			1		1			1	1	
1	Auður Kjartansdóttir	Brú lífeyrissjóði	1				1		1			1
1	Harpa Jónsdóttir	LSR	1				1			1		1
1	Ingibjörg Ólafsdóttir	Gildi-lífeyrissjóði		1			1	1				1
1	Jón Ólafur Halldórsson	Lífeyrissjóði verzlunarmanna		1			1		1		1	
1	Valmundur Valmundsson	Lífeyrissjóði Vestmannaeyja		1		1		1			1	
2	Elsa Björg Pétursdóttir	Stapa lífeyrissjóði		1		1			1			1
2	Gylfi Jónasson	Festu lífeyrissjóði		1		1				1	1	
2	Jakob Tryggvason	Birtu lífeyrissjóði		1			1	1			1	
			2	6	1	3	6	3	3	3	5	4
	Varamenn											
1	Hulda Rós Rúriksdóttir	Almenna lífeyrissjóðnum			1		1		1			1
1	Sigurbjörn Sigurbjörnsson	SL lífeyrissjóði		1			1			1	1	
2	Una Eyþórsdóttir	Íslenska lífeyrissjóðnum			1		1	1				1
			0	1	2	0	3	1	1	1	1	2



Tillaga um breytingu á samþykktum
Þórey S. Þórðardóttir



Tillaga að breytingu á samþykktum, sem yrði 4. mgr. 7. gr.:

„Verði breyting á starfsvettvangi stjórnarmanns á kjörtíma hans sem áhrif hefur á umboð hans sem stjórnarmanns í samtökunum skal hann að jafnaði sitja áfram sem stjórnarmaður fram að næsta aðalfundi samtakanna nema eitthvað mæli sérstaklega gegn því. Komi til þessa ber á næsta aðalfundi að kjósa stjórnarmann í hans stað sé kjörtími hans þá eigi að fullu liðinn. Óski stjórnarmaður hins vegar eftir því að láta þá þegar af stjórnarsetu og skemmri tími en fjórir mánuðir eru til næsta aðalfundar skal varamaður boðaður í hans stað. Sé lengri tími en fjórir mánuðir til næsta aðalfundar skal boða til aukaaðalfundar þar sem kosinn skal stjórnarmaður í stað viðkomandi. Líta ber til ákvæða 5. gr. við boðun aukaaðalfundar eftir því sem við á. „



Kjör
endurskoðunar-
fyrirtækis



Tillaga um endurskoðunarfélag

KPMG Endurskoðun ehf. sem endurskoðunarfélag
samtakanna.



Þóknun stjórnar



Tillaga um þóknun stjórnar

- Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkir að þóknun til hvers stjórnarmanns skuli vera 125.000 kr. á mánuði, að þóknun varaformanns stjórnar verði 187.500 kr. á mánuði og þóknun til formanns stjórnar verði 250.000 kr. á mánuði.
- Þóknun til varamanna í stjórn verði 62.500 kr. fyrir hvern setinn fund.



Tillaga um þóknun formanna fastanefnda

- Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkir að formenn fastanefnda samtakanna fái greidda þóknun sem þeir séu aðalmenn í stjórn, 125.000 kr. á mánuði.

Stefna LL um
rannsóknir og
greiningu
Stefán Halldórsson



Helstu atriði úr
kynningu á
ársfundi LL í maí
2022

Efla rannsóknir í samstarfi við
háskólasamfélagið

Byggja upp lífeyrisgagnagrunn

Árleg ráðstefna um
lífeyrisrannsóknir



Áfangar að markmiðunum

Umræður á stefnumótunarfundi í
september 2022

Ráðstefna um lífeyrismál í október
2022

Viðræður við Háskóla Íslands,
Hagstofuna, Fjármálaráðuneytið og
Seðlabankann í vetur og í vor



Umræður á
stefnumótunar-
fundi LL í
september
2022

Stuðningur við stefnu um rannsóknir
og greiningu

Nauðsynlegt að stuðla að fjölgun
tryggingastærðfræðinga



Ráðstefna
um lífeyrismál
13. okt. 2022

Samanburður á lífeyriskerfum
Íslands, Hollands og Danmerkur

Rannsókn: Draga skylduiðgjöld í
lífeyrissjóði úr öðrum sparnaði?

Mikil þátttaka ber vitni um áhuga
á rannsóknum og greiningu



Viðræður við
hagaðila um
skipulag
undirstöðuþátta

Hagstofan og Fjármálaráðuneytið:
Lífeyrisgagnagrunnur sem verði
vistaður hjá Hagstofunni

Háskóli Íslands og Seðlabankinn:
Námslína í tryggingastærðfræði

Háskóli Íslands: Stuðningur LL við
lífeyrisrannsóknir



Stefnt að
niðurstöðum á
næstu vikum

Skýr vilji allra aðilanna um að
koma þessum verkefnum á legg

Framundan eru viðræður um
tilhögun og kostun

Fjárhagsáætlun veitir stjórn LL
fjármuni til að stuðla að farsælum
niðurstöðum



Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023

Þórey S. Þórðardóttir



Fjárhagsáætlun 2023

Helstu stærðir	Milljónir
Laun og launatengd gjöld	118,5
Aðkeypt þjónusta	13,2
<u>Annar rekstrarkostnaður</u>	<u>60,9</u>
Samtals rekstrargjöld	192,6
Árgjald og vaxtatekjur	160,0
Mismunur	-32,6

Fjárhagsáætlun 2023

	Áætlun 2023	Ársreikningur 2022	Breyting
Laun og launat.gjöld			
Laun stjórnar og form. fastanefnda	22.500	19.998	13%
Laun starfsmanna	70.000	59.222	18%
Launatengd gjöld	26.000	21.814	19%
Samtals	118.500	101.034	17%
Aðkeypt þjónusta			
Greiðslustofa lífeyrissjóða	1.900	1.800	6%
Endurskoðun, bókhald og launavinnsla	3.300	3.051	8%
Aðkeypt þjónusta annarra sérfræðinga	8.000	9.028	-11%
Samtals	13.200	13.879	-5%
Annar rekstrarkostnaður			
Húsaleiga og annar húsn.kostn	6.650	5.208	28%
Pappír, prentun, ritföng	1.000	778	29%
Símakostnaður og burðargjöld	1.100	816	35%
Bækur, blöð, tímarit og vöktun	1.300	1.414	-8%
Fundir, námskeið, ferðakostnaður	11.000	9.184	20%
Almannatengsl- og kynningarkostnaður	15.000	11.704	28%
Félagsgjöld	2.300	2.123	8%
Rannsóknir og greining	20.000	0	
Annar kostnaður, gjaldf.	2.000	2.084	-4%
Afskriftir	608	760	
Samtals	60.958	34.071	79%
Samtals rekstur	192.658	148.984	29%
Árgjald og vaxtatekjur	160.000	147.437	9%
Mismunur	-32.658	-1.547	



Ákvörðun um árgjald 2023



Tillaga um árgjald

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkir að árgjald LL fyrir árið 2023 verði að teknu tilliti til fjárhagsáætlunar 160.000.000 kr. Þar af fast gjald á hvern aðildarsjóð 400.000 kr.

Árgjöld aðildarsjóða 2023

Nr.	Nafn sjóðs	Hrein eign		Fast gjald	Breytil.gjald	Samtals árgjald LL 2023
		31.12.2021	Hlutfall			
1	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.346.812.900	20,0%	400.000	30.420.847	30.820.847
2	Lífeyrissjóður verzlunarmanna	1.201.131.477	17,8%	400.000	27.130.299	27.530.299
3	Gildi - lífeyrissjóður	916.091.086	13,6%	400.000	20.692.011	21.092.011
4	Birta lífeyrissjóður	571.550.588	8,5%	400.000	12.909.776	13.309.776
5	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	402.370.977	6,0%	400.000	9.088.468	9.488.468
6	Almenni lífeyrissjóðurinn	367.014.401	5,5%	400.000	8.289.859	8.689.859
7	Stapi lífeyrissjóður	357.553.530	5,3%	400.000	8.076.164	8.476.164
8	Brú lífeyrissjóður	341.975.357	5,1%	400.000	7.724.295	8.124.295
9	SL - lífeyrissjóður	242.659.609	3,6%	400.000	5.481.022	5.881.022
10	Festa - lífeyrissjóður	247.506.880	3,7%	400.000	5.590.509	5.990.509
11	Lífsverk lífeyrissjóður	149.514.371	2,2%	400.000	3.377.124	3.777.124
12	Íslenski lífeyrissjóðurinn	139.919.566	2,1%	400.000	3.160.403	3.560.403
14	Lífeyrissjóður bankamanna	101.656.391	1,5%	400.000	2.296.142	2.696.142
13	Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	92.450.252	1,4%	400.000	2.088.200	2.488.200
15	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	86.150.772	1,3%	400.000	1.945.912	2.345.912
16	Eftirlaunasj atvinnuflugmanna	58.542.663	0,9%	400.000	1.322.320	1.722.320
17	Lífeyrissjóður bænda	45.108.278	0,7%	400.000	1.018.874	1.418.874
18	Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	27.921.283	0,4%	400.000	630.666	1.030.666
19	Lífeyrissjóður Rangæinga	18.949.790	0,3%	400.000	428.024	828.024
20	Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	14.569.497	0,2%	400.000	329.085	729.085
Samtals		6.729.449.667	100,0%	8.000.000	152.000.000	160.000.000

Önnur mál





Aðalfundur LL 2023